

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1368/2014**2015/EES/46/15**

frá 17. desember 2014

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1372/2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 48. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽¹⁾, einkum f-lið 72. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽²⁾, einkum 8., 9. og 92. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Aðildarríkin fóru fram á það við framkvæmdaráðið um samræmingu almannatryggingakerfa að færslum í 1. viðauka við reglugerð (EB) nr. 987/2009 yrði breytt í því skyni að færa viðaukann til samræmis við þróun í landslöggjöf þeirra.
- 2) Í 1. viðauka við reglugerð (EB) nr. 987/2009 er miðað að því að gefa yfirlit yfir framkvæmdarákvæði vegna tvíhliða samninga milli aðildarríkja sem gilda áfram á grundvelli 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar eða eru gerðir og skráðir á grundvelli 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. sömu reglugerðar.
- 3) Framkvæmdaráðið um samræmingu almannatryggingakerfa hefur komið til framkvæmdastjórnarinnar viðeigandi tillögum að umbeðnum breytingum á grundvelli f-liðar 72. gr. reglugerðar (EB) 883/2004.
- 4) Framkvæmdastjórnin samþykkti að fella tillögurnar að tæknilegu breytingunum inn í 1. viðauka við reglugerð (EB) nr. 987/2009.
- 5) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1372/2013 ⁽³⁾ eru í 2. mgr. 1. gr. ranglega gerðar breytingar á XI. viðauka við reglugerð (EB) 883/2004. Því ætti að fella það breytingarákvæði brott. Í þágu lagalegs skýrleika ætti brottfelling 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1372/2013 að gilda afturvirkir frá 1. janúar 2014.
- 6) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 987/2009 og (ESB) nr. 1372/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

- 1) Ákvæðum 1. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Þátturinn „DANMÖRK-ÍTALÍA“ falli brott.

- 2) Í stað b-liðar í þættinum „FRAKKLAND-LÚXEMBORG“ komi eftirfarandi:

„b) Bréfaskipti frá 17. júlí og 20. september 1995 um skilmála við uppgjör á gagnkvæmum kröfum skv. 93., 95. og 96. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 og bréfaskipti frá 10. júlí og 30. ágúst 2013“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 366, 20.12.2014, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1372/2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (Stjtið. L 346, 20.12.2013, bls. 27).

2. gr.

Í 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1372/2013 falli 2. mgr. brott.

3. gr.

Þessi reglugerð öðlast gildi á tuttugasta degi eftir birtingu hennar.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2015, að undanskilinni 2. gr. sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
